

# Professional Multisprutspackel

## Alhliða sprautuspartl



### Efnislýsing

Professional Multisprutspackel er létt og hvítt alhliða sprautuspartl, ætlað til bletta- og alspörtlunar á loft og veggi í þurrum rýmum innanhúss. Spartlið er háfyllandi, meðal-/fínt léttspartl.

Professional Multisprutspackel gefur jafna áferð og er létt að vinna á flötinn. Það hefur langan opinn tíma, flýtur vel og auðvelt í slípun. Spartlið er fyrst og fremst þróað fyrir víðtæka og mikla notkun á loft og veggi, hvort sem er í nýbyggingum eða eldra húsnæði. Einnig hentar það vel í samskeytaspörtlun, á spartlborða og til að hrauna yfirborð lofta. Helsti kostur Professional Multisprutspackel er því að málarinn getur komist af með að nota eitt og sama spartlið alls staðar í verkið.

### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt og vel bundið án lauss yfirborðslags. Þvoið og mattið málaða veggi áður en spartlað er.

Mælt er með þessum útbúnaði:

Wagner Heavy Coat 960/970, Graco Mark VII/ Mark X, APX8200, JETPRO 80-120, El-Myggen.

Við þússun er mælt með notkun rykgríma og verndun augna. Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar spartlið er fjarlæggt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði.

Ekki láta spartlpokann standa opinn meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartlleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss

**Bindiefni:** Latexþeytulausn

**Kornastærð:** Mest 0,15 mm

**Þéttleiki:** 1,5 g/cm<sup>3</sup>

**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, um 4 klst. pr 1 mm en veltur mjög á þykkt spartls

**Mesta þykkt:** Mest 3 mm

**Hitastig við spörtlun:** Minnst +5°C, mest +25°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Aðferð:** Sprauta, handspörtlun

**Litur:** Hvítt

**Pakkningar:** 14 lítra sekkir

**Hreinsun verkfæra:** Vatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými í vel luktum upprunalegum umbúðum

**Geymsluþol:** 12 mánuðir í upprunalegum umbúðum

**Ásetningarbúnaður:** Wagner 960/970, El-Mygga, Graco Mark VII / Mark X, APX8200, JETPRO 80-120

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 & EN 15824